



NÁTTÚRUSTOFA
Norðurlands vestra

Hugmyndir um stofnun Náttúruskóla í
Skagafirði
Skýrsla unnin upp úr tillögum samráðshóps

Þorsteinn Sæmundsson

NNV-2001-002
Febrúar 2001

Formáli

Hugmynd um stofnun Náttúruskóla í Skagafirði vaknaði á Náttúrustofu Norðurlands vestra á haustdögum síðastliðið ár. Hugmynd þessi var kynnt nokkrum einstaklingum innan Skagafjarðar og í kjölfar þess var haldinn fundur í Steinsstaðaskóla, þann 20. nóvember, þar sem hugmyndin var kynnt stærri í hóp og rædd. Á þann fund var boðið þeim aðilum sem með einum eða öðrum hætti koma að skólamálum í Skagafirði. Þeim aðilum sem boðið var voru Páll Dagbjartsson, skólastjóri Varmahlíðarskóla, Kristján Kristjánsson, skólastjóri Steinsstaðaskóla, Björn Björnsson, skólastjóri Grunnskólans á Hofsósi, Óskar Björnsson, skólastjóri Árskóla, Skúli Skúlason, skólameistari á Hólum, Rúnar Vífilsson, Skólaskrifstofu Skagfirðinga, Hjördís Gísladóttir, Skólaskrifstofa Skagfirðinga, Ársæll Guðmundsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Herdís A. Sæmundsdóttir, Sveitarfélagið Skagafjörður, Pétur Pétursson, formaður stjórnar Náttúrustofu Norðurlands vestra, Þorsteinn Sæmundsson, forstöðumaður Náttúrustofu Norðurlands vestra.

Ástæða þess að fundurinn var haldinn að Steinsstöðum var sú að hugsanlega mætti nýta húsnæði grunnskólans þar undir slíka starfsemi.

Á fundinum kynnti Þorsteinn Sæmundsson hugmyndina um stofnun Náttúruskóla og hvernig haga mætti stafsemi slíkrar stofnunar. Ekki er annað hægt að segja en hugmyndin fékk góðar undirtektir og í lok fundarins var sett á laggirnar fjögurra manna undirbúningshópur, sem vinna átti að frekari hugmyndum um starfsemi og skipulag slíks skóla. Í þeirri nefnd voru valdir Ársæll Guðmundsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Hjördís Gísladóttir, Skólaskrifstofu Skagfirðinga, Skúli Skúlason, skólameistari á Hólum og Þorsteinn Sæmundsson, forstöðumaður Náttúrustofu Norðurlands vestra. Hlutverk hópsins var að búa til grófa mynd af því hvernig faglegt umhverfi slíks skóla ætti að líta út.

Undirbúningshópurinn hittist á tveimur fundum, sá fyrri var haldinn í Hóla-skóla og var Sólrúnu Harðardóttur boðið að sitja þann fund. Á fundunum komu fram margar hugmyndir um verksemi slíks skóla, en í megin dráttum voru grunnhugmyndirnar á svipuðum nótum. Í lok fundarins var ákveðið að hver og einn setti fram sína sýn á starfsemi náttúruskóla og sendi Þorsteini. Síðari fundurinn var haldinn í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og var Þorkeli Þorsteinssyni aðstoðarskólameistara boðið að sitja þann fund. Á þeim fundi var farið yfir hugmyndir fundarmanna og ákveðið að Þorsteinn skrifaði hugmyndir hópsins saman og er þessi skýrsla afkastur þeirrar vinnu.

Boðaður hefur verið fundur mánudaginn 19. febrúar í Varmahlíðarskóla. Á þann fund voru boðaðir allir þeir fundarmenn sem boðaðir voru á fundinn að Steinsstöðum auk Gísla Gunnarssonar frá Sveitarfélaginu Skagafirði. Með þessar skýrslu og fundinum er fyrsta áfanga að stofnsetningu náttúruskóla í Skagafirði lokið.

Inngangur

Hugmyndin með náttúruskóla er ekki ný af nálinni og hafa nágrannaríki okkar meðal annarra sett á laggirnar fjölda slíkra skóla. Starfsemi náttúruskóla hefur víðast hvar mælst vel fyrir og notið mikilla vinsælda og er það ekki síst vegna sívaxandi og háværar umræðu um umhverfismál í heiminum í dag. Ekki er þó til neitt einhlítt form á starfsemi náttúruskóla, en markmið hans er skýrt að efla meðvitund fólks/nemenda á umhverfi sínu og hvernig varðveita megi gæði þess um ókomna framtíð. Slík meðvitund lærist ekki af bókinni einni saman og mótast því starfsemi slíkra skóla að koma fólki/nemendum í beina snertingu við náttúruna og stuðla að markvissri fræðslu, leiðsögn og kennslu.

Í dag hafa verið settir upp vísar af slíkum skólum hér á Íslandi, s.s. á Reykjum í Hrútafirði, Alviðru og í Gróttu, en ekki hefur verið settur upp slíkur skóli eins og hugmyndin er að setja á laggirnar hér í Skagafirði. Það er þó alls ekki spurning hvort slíkur skóli verði stofnaður hér á landi, heldur hvenær.

Grundvöllur fyrir hönnun á starfsemi slíks skóla og mótun námsefnis er þó ekki til staðar hvar sem er í landinu og má segja að fyrir utan stærstu þéttbýlisstaðina á landinu, Reykjavík og Akureyri, getur Skagafjörður einn státað af nauðsynlegri fagþekkingu innan héraðsins til að hanna slíkan skóla. Bæði Hólskóli og Náttúrustofa Norðurlands vestra geta boðið upp á nauðsynlega sérþekkingu sem til þarf, auk þess sem að aðra menntastofnanir geta lagt fram sína fagþekkingu og ekki síst reynslu af skólarekstri. Stofnun slíks skóla getur sett Skagafjörð í forystu um hönnun, starfsemi og rekstur náttúruskóla á Íslandi.

Að undanfögnu hafa nokkrir aðilar í Skagafirði komið saman og rætt möguleika á að stofnaður yrði náttúruskóli í Skagafirði. Niðurstaða þeirra umræðna er aðallega sú að áhuginn er mikill og allir á einu máli um notagildi slíks skóla. Samantektin sem hér fer á eftir á að varpa ljósi á þær hugmyndir sem komið hafa fram um starfsemi slíks skóla og þá möguleika sem hann býður upp á. Gengið var út frá því að starfsemi slíks skóla yrði í húnsæði grunnskólans að Steinsstöðum. Benda má þó á að hugmyndir um aðrar staðsetningar fyrir slíkan skóla hafa þó skotið upp kollinum.

Náttúruskóli – hvað er það?

En hvað er náttúruskóli og hvað á slíkur skóli eiginlega að gera? Eins og koma fram hér á undan er eitt af megin markmiðum slíks skóla að efla meðvitund fólks/nemenda á umhverfi sínu, bæði náttúru og sögu, og kenna því að umgangast, nýta og meðhöndla náttúruna á vistvænan hátt og ekki síst með virðingu.

Starfsemi náttúruskóla mótast því af markvissri kennslu í náttúrufræðum, umhverfisfræðum og ekki síst skilningi fólks/nemenda á umhverfi sínu. Þessari markvissu kennslu verður komið til nemenda með nokkrum öðrum hætti heldur en almennt hefur tíðkast hingað til í skólum landsins og einkennast ekki síst af fullri þátttöku nemendanna sjálfra og að hluta til sjálfsnámi. Í grundvallaratriðum verður lögð áhersla að kenna flestar hinar hefðbundnu fræðigreinar náttúruvísindanna, þó á óhefðbundinn hátt. Auk hinna hefðbundnu fræðigreina má einnig tengja inn aðrar námsgreinar inn í svo sem eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði og ekki síst sagnfræði og hugvísindi, þ.e. koma upp þverfaglegu umhverfi og tengja hinar ýmsu greinar meira saman en gert er í dag.

Fyrirkomulag kennslu

Það er erfitt að segja nokkuð til um hvernig endanlegt fyrirkomulag kennslunnar verður og hvernig skipting verður á milli markhópa. Umfangi starfseminnar yrði að skipta í nokkur svið eftir þörfum þeirra sem verið er að þjónusta t.d.

1. Börn á leikskólaaldri
2. Grunnskólanemendur
3. Framhaldsskólanemendur
4. Annað áhugafolk um náttúru- og menningarskoðun.

Gera má ráð fyrir því að nemendur heimsæki skólann í 25-40 manna hópum og dvelji þar á heimavist í fjóra til fimm daga í senn. Dvölin þar gengur út á það að gera nemendur virka allan þann tíma sem þeir dvelja í skólanum og verði bundnir í ólík verkefni frá morgni til kvölds. Á kvöldin má hugsa sér kvöldvökur, fræðslufyrirlestra, myndasýningar og/eða verkefnaskil nemendanna sjálfra. Lagt verður áhersla að tengja starfsemina inn í náttúrukennslu í öðrum skólum í Skagafirði og undirbúa verkefni sem nemendur vinna að í náttúruskólanum áður en að þeir koma þangað. Huga þarf einnig að því hvort hægt verði að tengja starfsemi skólans inn í aðalnámskrá að einhverju leyti.

Öll starfsemi og stefna skólans á að vera í anda vistvænnar hugsunar og sjálfbærni, s.s. flokkun á sorpi, endurvinnslu og hóflega nýtingu. Gert verður mikið úr allri endurvinnslu, t.d. með safnkössum það sem allur lífrænn úrgangur er notaður til að búa til jarðveg sem nýta mætti til að skapa fallett og aðlaðandi umhverfi umhverfis skólann. Einnig mætti hugsa sér að nýta mætti öll þau náttúrugæði sem í kringum skólann er s.s. heitt vatn sem til staðar er að Steinsstöðum og setja upp gróðurhús og þess háttar. Til dæmis mætti kalla til sérfræðinga í ylrækt.

Hvernig námsefninu verður miðlað til nemenda má hugsa sér margar aðferðir en forðast verður að halda beina fyrirlestra, heldur er gert ráð fyrir að nemendur stundi að hluta til sjálfsnám þannig að þeir uppgötvi frekar sjálfir en að þeim verði sagt beint frá. Gert er ráð fyrir nokkuð öflugum tilraunastofum þar sem fólk/nemendur geta skoðað, rannsakað og uppgötvað sjálf.

Eitt megin markmið skólans er að nemendur kynnist hugsun og lifnaði um sjálfbærni og tileigni sér umhverfissvæna hugsun á meðan á dvöl þeirra í skólanum stendur. Með því geta þau miðlað af reynslu sinni er heim er komið og ekki síst að gera sér grein fyrir því hvað þau sem einstaklingar geti gert til að koma til móts við náttúruna og verndað hana. Hugsu má að sveitarfélagið komi í kjölfarið að svipuðum málum á víðari grundvelli og styrki ímynd sína sem vistvænt sveitarfélag.

Starfslið skólans

Ekki er hægt að gera sér fyllilega grein fyrir hversu marga starfsmenn þyrfti til að reka slíkan skóla, en þar sem um heimavist er að ræða er hægt að gera sér grein fyrir að þeir yrðu nokkrir. Að minnsta kost þyrftu að vera húsvörður, fagfólk og starfsfólk í mötuneyti og ræstingu. Einhverjir yrðu að vera fastráðnir á staðnum – staðarhaldari, en einnig yrðu starfsmenn fengnir frá viðkomandi fagstofnunum í Skagafirði og þá má til dæmis nefna Hólaskóla, Náttúrustofu Norðurlands vestra og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, en einnig er margt sérfróðra manna og kvenna í héraði sem mætti nýta.

Það þarf að skoðast betur hversu marga sérfræðinga þarf til að móta og hefja kennsluna til að byrja með. Slíkt starf getur tekið allt að tvö ár að minnsta kosti. Get er ráð fyrir að til dæmis sjái sérfræðingar frá Hólaskóla, Náttúrustofu Norðurlands vestra og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra um þá vinnu og kennsluna í byrjun. Að loknu því tímabili má síðan athuga hvort kennsluefnið og kennsluaðferðirnar séu þess eðlis og það vel mótaðar að fastráðin kennari geti unnið það.

Staðsetning skólans

Eins og getið var um hér á undan þá ganga þessi áform um náttúruskóla í Skagafirði út frá því að húsnæði Grunnskólans að Steinsstöðum verði valið undir starfsemi hans. Öll aðstaða þar hentar vel til slíks reksturs, bæði hvað varðar kennslu, gisti- og matar- aðstöðu. Allt umhverfi skólans býður einnig upp á mikla möguleika að útfæra starfsemi og ímynd skólans á áhugaverðan hátt. Í umræðum um starfsemi skólans var velt vöngum um aðrar staðsetningar innan Skagafjarðar. Ekki verður farið nánar út í þær umræður hér enda ekki á hlutverk þessa hóps að ákvarða það.

Fjármögnun

Til uppbyggingar náttúruskóla í Skagafirði er ljóst að það þarf mikið fjármagn, bæði til endurnýjunar húsnæðis og kaupum á tækjum og tólum. Ljóst er að sveitarfélagið getur ekki eitt og sér staðið undir slíkum stofnkostnaði og er því grundvöllur fyrir starfsemi hans að fá utanaðkomandi fjármagn í stofnkostnað.

Ýmsar leiðir eru til í því sambandi og er það reyndar á næsta stigi sem slíkar leiðir verða kannaðar til hlítar. Ég ætla þó að nefna nokkrar hugmyndir sem komið hafa fram um stofnkostnað. Þar sem þessa hugmynd væri hægt að flokka undir frumkvöðla hugmynd, þar sem hún er sú fyrsta sem komið hefur fram um stofnun slíks skóla hér á Íslandi, er ekki fráleitt að ríkið myndi styðja við bakið á henni með einhverjum hætti. Ekki má heldur gleyma því að þetta er sterkt byggðarmál. Vænlegur kostur er að sækja um fjármagn frá evrópskum stofnunum sem styrkja menntun og menningu á jaðarsvæðum. Ekki má heldur gleyma því að ýmis stórfyrirtæki væru eflaust tilbúin að leggja til fé í slíka starfsemi.

Hvað almennan rekstur varðar er gert ráð fyrri að hver skóli innan Skagafjarðar skuldbindi sig til að senda nemendur sína í skólann og greiði ákveðna upphæð fyrir hvern nemenda. Slíkt auðveldar til mikilla muna ef skólar utan Skagafjarðar senda nemendur í skólann.

Nýting skólans

Hugmynd með starfsemi náttúruskólans er að nemendur allra skólastiga geti nýtt sér aðstöðu hans. Eðli málsins samkvæmt er þó ekki hægt að gera sömu kröfur til 6 ára barna eins og 13 ára unglinga og augljóst mál að dvöl yngri nemenda yrði styttri en þeirra eldri og jafnvel að þau kæmu í minni hópum í skólann. Hugsa mætti sér að yngstu nemendurnir, alla vega 1 og 2 bekkur, kæmu í skólann í 10 manna hópum og kæmu beint inn í starfsemi eldri nemenda og jafnvel að hluta kennslunnar sæju eldri nemendur um.

Ef við reiknum með að skólinn geti að hámarki tekið á móti 40 manns þá má setja upp að 40 nemendur heimsæki skólann á viku hverri. Þar af 25-30 "eldri" nemendur sem dvelja í 4-5 daga og um 10 yngri nemendur sem dveldi tvo daga (eina nótt) í senn.

Einnig má hugsa sér aðra nýtingu húsnæðisins að hluta til, s.s skólasel.

Skólar í Skagafirði

Ef við göngu út frá því að einungis nemendur í skólum Skagafjarðar myndu nýta sér skólann þá eru um 700 nemendur á grunnskólastigi og um 450 nemendur á framhaldsskólastigi. Ef við reiknum með 35-40 nemenda hópum á viku hverri þá önnur við fjölda nemenda á grunnskólastigi á um 17 - 20 vikum. Skoða má líka hvort lengri eða styttri dvöl nemenda væri æskileg.

Óljóst er hversu mikil þörf Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra hefði af þessum skóla, en gera má þá ráð fyrir að alla vega náttúrufræðibraut skólans myndi geta nýtt sér hann.

Aðilar utan Skagafjarðar

Eins og dæmið er sett upp hér að framan þá er greinilegt að skólinn getur annað stærri hóp nemenda en eru til staðar í skólum Skagafjarðar.

Sumarskólar – námskeið

Auk þess að starfrækja skólann yfir vetrarmánuðina væri hægt að halda uppi fullri starfsemi yfir sumarmánuðina, bæði í formi náttúruskóla fyrir fólk jafnt utan sem innan Skagafjarðar og einnig í formi námskeiða, bæði fyrir innlenda og ekki síst erlenda aðila.


Náttúrugripasafn

Þar sem ekkert náttúrugripasafn er til staðar í Skagafirði hefur verið rætt um hvort starfsemi slíks safns gæti átt samleið með náttúruskóla. Það er ekki neinn vafi á því að slíkt getur fallið vel saman. Þó má benda á að hugmyndin með Náttúrugripasafni er orðin frekar úrelt og teldi ég mun heppilegra að safnið yrði mótað saman með náttúruskólanum, þ.e. að náttúrugripasafnið togi upp náttúruskólann og öfugt. Það er ekki nokkur vafi á því að slíkt myndi vera mun áhugaverðara fyrir t.d. ferðamenn að skoða en hefðbundið náttúrugripasafn.

Lokaorð

Eins og þið sjáið af ofansögðu þá eru hugmyndir um starfsemi náttúruskóla mjög margar og möguleikarnir óteljandi. Mikilvægt er þó að takmarka kennsluna við ákveðið mörk til að byrja með og byggja hana síðan upp með markvissum hætti. Það má þó alls ekki byrja of smátt því ákveðin grunnstarfsemi verður að vera til staðar.

Nánari útfærslur á starfsemi, námsefni og kennsluaðferðum fylgir í kjölfar þess hvort hljómgrunnur fæst fyrir þessari hugmynd. Hér á eftir er myndræn uppsetning Hjördísar Gísladóttur á starfsemi náttúruskóla og tenglum við önnur fög.



Náttúrustofa Norðurlands vestra

Aðalgata 2 Pósthólf 112 550 Sauðárkróki Sími 453 7999 Fax 453 7998

Netfang natturustofa@krokur.is Heimasíða <http://www.krokur.is/~nstofa>